

Starfshópur um skattlagningu orkuvinnslu
b.t. Hilmar Gunnlaugssonar, formanns

Reykjavík 8. september 2023

Efni: Sjónarmið Samorku til starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu

Öruggt aðgengi að endurnýjanlegri raforku er grunnforsenda þeirra góðu lífskjara sem íslenskt samfélag býr við. Þannig er aðgengi að orku á samkeppnishæfu verði grunnstoð Orkustefnu Íslands til 2050. Að baki liggur farsæl saga sjálfbærrar nýtingar orkuauðlinda sem óumdeilt er að hafi skapað mikil verðmæti fyrir land og þjóð og verið lykilþáttur í því að hér hefur byggst upp fjölbreytt atvinnustarfsemi.

Fyrirséð er að ráðast þarf í mikla uppbyggingu raforkuvinnslu á næstu áratugum svo markmið stjórnvalda í loftslagsmálum náist. Uppbygging í raforkuframleiðslu og öðrum orkuinnviðum á undanförunum árum hefur gengið hægt, að hluta til vegna óskilvirks regluverks leyfisveitinga. Uppbygging í raforkuframleiðslu og öðrum orkuinnviðum á undanförunum árum hefur gengið of hægt, að hluta til vegna óvissu tengdri rammaáætlun og íþyngjandi regluverks leyfisveitinga. Niðurstaðan er sú að á Íslandi eru líkur á aflskorti á næstu árum¹ takist ekki að auka raforkuframleiðslu og -flutning. Óvissa um umgjörð skatta á raforkuvinnslu og tillögur um auknar álögur er til þess fallin að þrengja enn frekar að rekstrarumhverfi raforkufyrirtækja.

Samantekt á sjónarmiðum Samorku

- Samorka leggst gegn áformum um auknar álögur á raforkuvinnslu í landinu.
- Það er eðlilegt og sanngjarnt að sveitarfélög hafi einhvern fjárhagslegan ávinning af uppbyggingu og rekstri orkuvinnslu, rétt eins og annarri uppbyggingu starfsemi fyrirtækja.
- Jafna má þær tekjur sem hið opinbera hefur af orkuvinnslu milli ríkis og sveitarfélaga, t.d. með breytingum á reglum um úthlutun úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
- Breytingar á framkvæmd fasteignamats eru illa til þess fallnar að ná þeim markmiðum sem að er stefnt með vinnu starfshópsins.
- Gæta þarf jafnræðis milli atvinnuvega og ólíkra tegunda orkuframleiðslu við skattlagningu.
- Auknar álögur á raforkuframleiðslu ganga gegn markmiðum stjórnvalda í umhverfis- og loftslagsmálum.
- Skattlagning þarf að vera skýr, fyrirsjáanleg og hvetja til skilvirkra nýtingar auðlinda.

¹ Raforkuspá Landsnet 2023, ágúst 2023

1. Hlutverk starfshóps stjórnvalda

Markmið starfshópsins skv. skipunarbréfi er að skoða skattalegt umhverfi orkuvinnslu á Íslandi í stærra samhengi með það að markmiði að skapa henni nýja skattalega umgjörð og kanna leiðir til að ávinningur vegna auðlindanýtingar skili sér í ríkari mæli til nærsamfélaga og þeirra aðila sem fyrir áhrifum verða.

Í sjónarmiðum Samorku sem hér koma fram er gert ráð fyrir að með *orkuvinnslu* sé átt við raforkuvinnslu og hitaveitur þar með undanskildar. Sá skilningur er settur í hlutverk og markmið hópsins að flutningur og dreifing raforku sé einnig undanskilin. Þar sem mikil umræða hefur átt sér stað um skattlagningu slíkra innviða þykir þó rétt að fjalla hér einnig um áhrif skattlagningar á þá.

2. Grundvöllur endurskoðunar skatta á orkuvinnslu

Ítarlega var fjallað um skattalegt umhverfi raforkuvinnslu í skýrslu starfshóps um vindorku sem kom út í apríl 2023² sem og í greiningu sem unnin var af Háskólanum á Bifröst og kom út í mars 2023³. Ekki verður því farið nánar í núverandi umhverfi en rífað upp að þeir skattar sem raforkufyrirtæki greiða eru fasteignaskattar, tekjuskattar og tryggingagjald ásamt því að greiða óbeint ýmsa launatengda skatta og útsvar.

Samkvæmt greiningu Háskólans á Bifröst greiddu fyrirtæki í orkugeiranum að meðaltali rúmlega 7,5 ma kr. á ári í tekju- og fasteignaskatta til ríkis og sveitarfélaga á árunum 2018-2021. Þessu til viðbótar greiða fyrirtækin og starfsmenn þeirra tryggingagjald og ýmis launatengd gjöld. Í erindi til starfshóps stjórnvalda, dagsettu 25. ágúst 2023, óskaði Samorka eftir ítarlegri gögnum um tekjur ríkis og sveitarfélaga af orkuvinnslu, þar á meðal um tryggingagjald og útsvar. Þær tölur hafa ekki verið dregnar fram en mikilvægt er að starfshópur stjórnvalda dragi þær saman og geri aðgengilegar opinberlega. Þannig yrði lagður góður málefnalegur grunnur til umræðu viðfangsefnið. Áskilinn er réttur til að setja á síðari stigum fram tölur eða bregðast við þeim tölum sem starfshópurinn kann að afla.

Umgjörð skatta á orkuvinnslu er gríðarlega flókið málefni. Samorka telur mikilvægt að umræða sé yfirveguð og byggð á raungögnum. Við skoðun á skattlagningu á orkuvinnslu þarf að líta á umgjörð skatta í *heild sinni* og *umfang þeirra* og ekki síst samspil tekjuöflunar ríkisins, sveitarfélaga og umgjörð um skiptingu tekna og greiðslna þar á milli.

Við hugsanlegar breytingar á skattaumgjörð þarf að ígrunda vandlega áhrif þeirra á samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs, nýliðun í orkugeiranum og á fjárhag sveitarfélaga með orkuvinnslu, en einnig þeirra sem ekki hafa tekjur af orkuvinnslu.

² https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/URN/Vindorka_skyrsla_april-2023.pdf

³ [Skyrslan skattar a orkufyrirtaeki \(1\).pdf \(stjornarradid.is\)](#)

3. Umgjörð skatta

Samorka leggst eindregið gegn breytingum á skattalegri umgjörð raforkuvinnslu sem eru til þess fallnar að auka álögur á orkugeirann. Ríki og sveitarfélög hafa nú þegar miklar tekjur af orkuvinnslu t.a.m. í gegnum fasteignaskatt og tekjuskatt. Hæglega má ná markmiði því sem starfshópnum er sett um að ávinningur skili sér í „ríkara mæli til nærsamfélaga“ með því að endurskoða núverandi fyrirkomulag með áherslu á skiptingu tekna hins opinbera milli ríkis og sveitarfélaga. Eftirfarandi sjónarmið eru sett fram því til stuðnings:

- Samkvæmt skýrslu Háskólans á Bifröst tekur ríkið um 80% af þeim skatttekjum sem til falla vegna raforkuvinnslu. Þá eru opinberar tekjur vegna tryggingagjalds, útsvars og tekjuskatts einstaklinga ekki taldar með.
- Nokkur orkusveitarfélög hafa bent á að nýjar framkvæmdir vegna orkuvinnslu skili takmörkuðum tekjum fyrir viðkomandi sveitarfélög og í einhverjum tilvikum leiði til tekjutaps vegna skerðinga á tekjum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.⁴ Þrátt fyrir að Samorka hafi skilning á þeim áhrifum sem auknar tekjur sveitarfélaga hafi á framlög Jöfnunarsjóðs til þeirra benda samtökin á að hlutverk sjóðsins er að „greiða framlög til sveitarfélaga í þeim tilgangi að jafna mismunandi tekjuöflunarmöguleika og útgjaldaþörf þeirra“.⁵ Skerðing framlaga vegna aukinna tekna sveitarfélags frá orkuvinnslu er því samkvæmt hlutverki og markmiði sjóðsins þar sem önnur sveitarfélög hafa ekki sömu tækifæri til tekjuöflunar líkt og orkusveitarfélögin. Í ljósi samfélagslegrar þýðingar orkuvinnslu ætti að vera eftirsóknarvert fyrir sveitarfélög að hafa raforkuvinnslu innan sinna marka og þá skýtur skökku við að í einhverjum tilvikum hafa sveitarfélög ekki hvata af því að byggja upp atvinnulíf innan sinna sveitarfélagamarka. Í því samhengi leggur Samorka til að úthlutunarreglur Jöfnunarsjóðs verði endurskoðaðar með því markmiði að sveitarfélög verði ekki svipt öllum fjárhagslegum ávinningi af raforkuvinnslu innan sinna marka.
- Aðgengi að tryggri raforku á samkeppnishæfu verði er einn grunnþáttur í lífsgæðum íbúa og samkeppnishæfni Íslands. Auknar álögur á orkuvinnslu eru til þess fallnar að þrengja að rekstrarumhverfi raforkuvinnslu á Íslandi og auka á óvissu sem kann að draga úr nýliðun í atvinnugreininni og hægja frekar á nýframkvæmdum.

4. Fasteignamat

Í núverandi skattaumgjörð fá sveitarfélög tekjur af raforkuvinnslu í gegnum fasteignaskatt á þau orkumannvirki sem falla ekki undir undanþágu frá fasteignamati skv. 26. gr. laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001. Sú upphæð var árlega um 1,6 ma. kr. að meðaltali tímabilið 2018-2021. Undir fyrrnefnda undanþágu frá fasteignamati falla ýmsir rafveituinnviðir, þó ekki allir. Sama gildir um aðra samfélagslega mikilvæga innviði s.s. vegi, brýr og jarðgöng, vatns- og fráveituinnviði og hafnarinnviði. Af upptalningunni að dæma er því ljóst að undanþágunni er ætlað að ná yfir grunninnviði og þjónustu sem leggja grunn að fjölbreyttu atvinnulífi og auka samkeppnishæfni landsins. Ekki er ljóst hvers vegna falla ætti frá undanþágu á rafveituinnviði og gera þar með upp á milli samfélagslega mikilvægra innviða.

⁴ Sjá t.d. Umsögn sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps er varðar breytingar á skattlagningu orkuvinnslu. 17.08.2023.

⁵ [Jöfnunarsjóður sveitarfélaga - Samband íslenskra sveitarfélaga](#)

Verði fallið frá undanþáguni fyrir rafveituvinnviði ætti sama t.d. að gilda um jarðgöng og hafnarmannvirki.

Ekki er heldur ljóst hvernig útfæra ætti fasteignamat á orkumannvirkjum sem núverandi undanþága tekur til. Sú óvissa helgast fyrst og fremst af því að flókið mun verða að meta verðmæti lóna, stíflna, ganga, lagna og sambærilegra innviða sem nauðsynlegir eru til raforkuframleiðslu en hafa takmarkað verðmæti einir og sér. Þá þyrfti að fara fram flókið mat á því hvort um sé að ræða tækjabúnað eða mannvirki. Einnig má benda á að taka þyrfti þá afstöðu til jarðvegsstíflna, sem hannaðar eru á sama hátt og varnargarðar og eru undanþegnir fasteignamati.

Skoðun á afnámi undanþágu frá fasteignamati fyrir flutnings- og dreifiveituvinnviði er ekki innan skilgreinds markmiðs starfshópsins en vegna þeirra sjónarmiða sem fram hafa komið hjá sveitarfélögum telur Samorka rétt að benda á nokkrar staðreyndir:


- Flutnings- og dreifivinnviðir raforku eru lykilþáttur í raforkukerfi landsins. Flutningskerfið flytur raforku á milli landshluta og frá framleiðslu til stærri notanda. Dreifikerfið tekur við raforku frá flutningskerfinu og dreifir til heimila og fyrirtækja. Flutningur og dreifing raforku er háð sérleyfi Orkustofnunar og er gjaldskrá og tekjumörk fyrirtækjanna ákveðin af Orkustofnun. Núverandi skattgreiðslur og opinberar álögur sérleyfisfyrirtækja flutnings og dreifingu raforku eru hluti af tekjumörkum fyrirtækjanna og mjög líklegt verður að teljast að sama muni gilda um auknar álögur vegna afnáms undanþágu frá fasteignamati. Verði það niðurstaðan mun það leiða til hækkunar á gjaldskrá sérleyfisfyrirtækjanna gagnvart íbúum og fyrirtækjum í landinu.
- Stærstur hluti dreifikerfisins er í dreifbýli þar sem hlutfallslegur kostnaður við dreifingu er mun meiri þar sem færri notendur eru um kerfið. Aukinn kostnaður vegna afnáms undanþágu frá fasteignamati myndi því veita mun þyngra í dreifbýli en þéttbýli og gætu því skapað þrýsting á meiri hækkun verðskrár í dreifbýli umfram þéttbýli.
- Flutnings- og dreifikerfi raforku eru hluti af einni heild og þar af leiðandi ekki bundin við ákveðna landareign eða sveitarfélag. Afar flókið yrði því meta hver skipting fasteignaskatts ætti að verða á milli sveitarfélaga.

5. Fasteignaskattur sem tekjustofn fyrir sveitarfélög

Í núverandi skattaumgjörð eru tekjur af fasteignum vegna tiltekinnar orkuvinnslu með ólíkum hætti á milli sveitarfélaga, þar sem fasteignaskattur fellur fyrst og fremst til þar sem stöðvarhús standa. Tillögur um afnám undanþágu rafveitna frá fasteignamati munu ekki draga úr því að tekjur af orkuvinnslu renni áfram með ólíkum hætti til sveitarfélaga. Þvert á móti kann það að auka á þann vanda sem fyrir er. Þannig geta lón, stíflur og aðrir innviðir vegna tiltekinnar orkuvinnslu legið á mörkum tveggja eða fleiri sveitarfélaga en fasteignaskattur einungis greiddur til eins þeirra.

Raforkuinnviðir falla undir skattflokk C og er fasteignaskatturinn á bilinu 0,4-1,65%. Almennt stilla sveitarfélögin fasteignaskattinum við efri mörkin, þ.e. 1,65% af fasteignamati. Mikilvægt er að setja það hlutfall í samhengi við sambærilegan fasteignaskatt í nágrannalöndum Íslands. Eins og sést á meðfylgjandi mynd (Mynd 1) er fasteignaskattur á Íslandi mun hærri en í nágrannalöndum sem mörg hafa engan fasteignaskatt⁶. Finnland er eina landið þar sem fasteignaskattur er hærri en á Íslandi en reiknireglur fasteignaskatts þar miða við bókfært virði eigna og því lækkar skatturinn út bókfærðan líftíma eignanna.

Mynd 1 Fasteignaskattur á raforkuinnslu í nokkrum nágrannalöndum



Heimild: [KPMG \(2023\). A new golden age for renewable energy.](#) [Nordenergi \(2023\).](#) [Nordic Tax Report 2023 – electricity sector](#)

Verði undanþága frá fasteignamati afnumin leggur Samorka áherslu á að hlutfall fasteignaskatts af orkumannvirkjum verði einnig endurskoðað og fært niður í sambærilegt hlutfall og er í nágrannalöndunum. Að öðrum kosti yrði með breytingunni dregið úr samkeppnishæfni íslensks orkuiðnaðar. Með slíkri breytingu væri jafnframt fyrirséð, að öðru óbreyttu, að tekjur sveitarfélaga sem hafa fasteignaskatta af stöðvarhúsum í dag myndu lækka samhliða lækkaðri fasteignaskattsprósentu.

6. Jafnræðissjónarmið varðandi skattlagningu

Við innheimtu skatta þarf að gæta að jafnræði og fyrirsjáanleika og bendir Samorka á mikilvægi þess að fyrirtækjum verði ekki mismunað með ólíkri skattlagningu. Því þarf að skoða allar tillögur að breytingu skattaumgjarðar raforkuinnslu með tilliti til þess hvort þær feli í sér mismunum á fyrirtækjum eftir eignarhaldi, tegund orkuinnslu eða stærð fyrirtækis.

Í þessu samhengi má nefna dæmi frá 2017 í Svíþjóð þar sem fasteignaskattur á raforkuinnslu var 2,2% og mun hærri en almennur fasteignaskattur í landinu sem var 0,5%. Vegna skattaumgjarðar féll fasteignaskatturinn hlutfallslega mun þyngra á vatnsafvirkjanir en aðra raforkuinnslu. Fallið var frá

⁶ Hér er einungis um að ræða samanburð á fasteignasköttum í viðkomandi löndum. Hafa þarf í huga að mikill munur getur verið á umgjörð og uppbyggingu fasteignaskatta á milli landa, t.d. hvernig fasteign er skilgreind og þeirri aðferðafræði sem notuð er við ákvörðun skattstofns.

auknum fasteignaskatti á raforkuvinnslu árið 2017 í kjölfar kæru orkufyrirtækisins Fortum⁷ og skatturinn lækkaður niður í samsvarandi almennan fasteignaskatt 0,5%.⁸

Í skipunarbréfi starfshóps stjórnvalda er sérstaklega vikið að því að kanna þurfi leiðir til að ávinningur vegna auðlindanýtingar skili sér í ríkari mæli til þeirra aðila sem verða fyrir *áhrifum af orkuvinnslu*. Samorka hefur efasemdir um að bein *áhrif af orkuvinnslu* geti talist gott andlag eða mælikvarði til grundvallar skattlagningu. Samorka bendir t.d. á að í því samhengi þyrfti að gera greinarmun á þeim sem verða fyrir beinum og svo þeim sem verða fyrir óbeinum áhrifum af orkuvinnslu. Þá kann mat á *áhrifum orkuvinnslu* að einhverju leyti að vera huglægt en slíkt getur eðli máls samkvæmt ekki orðið grundvöllur að skattlagningu.

Í þessu samhengi er rétt að taka fram að öll orkuvinnsla lýtur skilyrðum umhverfislöggjafar og framkvæmdir vegna orkuvinnslu sæta umhverfismati þar sem fyrirfram er lagt mat á umhverfisleg áhrif framkvæmdar. Opinberar leyfisveitingar til slíkrar vinnslu eru háðar því að áhrif framkvæmdar séu innan marka til verndar umhverfi og náttúru. Þannig er t.d. stuðst við viðmið um hljóðmengun, neikvæð sjónræn áhrif, ljósmengun, útblástur og annað sem getur haft áhrif á lífsgæði fólks og náttúru. Orkuvinnsla er að þessu leyti eins og hver önnur atvinnugrein í landinu.

Ekki fæst séð hvers vegna orkuvinnsla og áhrif hennar eigi að lúta sérstökum lögmálum og meira íþyngjandi reglum en aðrar atvinnugreinar. Þekkt eru margs konar umtalsverð umhverfisáhrif af annars konar starfsemi í samfélaginu. Má þar nefna starfsemi flugvallar með tilheyrandi áhrifum á hljóðvist og ljós, iðjuver eða stór fyrirtæki hvers konar sem gefur frá sér viðvarandi hljóð og eru sýnileg, ferðapjónusta sem leiðir af sér umferð bifreiða og fólks á svæðum sem áður voru ekki sótt. Fleira mætti telja til. Ekki fæst séð hvers vegna skattleggja ætti sérstaklega orkuvinnslu á þessum grunni umfram aðrar atvinnugreinar sem nýta auðlindir í starfsemi sinni.

7. Almennt um alþjóðlegan samanburð skattaumgjarðar

Endurskoðun umgjarða skatta og opinberra álaga á almenning og fyrirtæki er einstaklega viðkvæmt ferli þar sem í flestum tilvikum er um að ræða mjög flókið samspil fjölda þátta í menningu og uppbyggingu samfélaga. Því þarf að setja skýra fyrirvara þegar skattaumgjörð eins lands er yfirfærð yfir á annað land. Þetta á sérstaklega við um skattaumgjörðina í Noregi sem litið hefur verið til undanfarið en mörg rök mæla gegn því að líta til Noregs þegar kemur að endurskoðun umgjarðar skatta á raforkuvinnslu á Íslandi.

- Þrátt fyrir að margt sé sammerkt með raforkukerfum Noregs og Ísland er grundvallarmunur á kerfunum sem þarf að taka tillit til. Raforka í Noregi er að mestu framleidd í eldri vatnsaflsvirkjunum sem reistar voru um miðbik og seinni hluta síðustu aldar. Uppbygging raforku á Íslandi hefur verið nokkuð stöðug undanfarna áratugi þótt mikið stökk hafi orðið á árunum 2000-2010. Stór hluti virkjana í Noregi er því að fullu afskrifaður sem leiðir til þess að meðal fjármagnskostnaður við raforkuframleiðslu í Noregi er að öllum líkindum umtalsvert lægri en á Íslandi.
- Raforkuverð í Noregi, og þar með tekjur af raforkusölu, eru umtalsvert hærrí í Noregi en á Íslandi. Það leiðir m.a. af því að Noregur er samtengdur hinum evrópska raforkumarkaði og

⁷ [Fortum to appeal court decision on Swedish hydro real estate tax | Fortum](#)

⁸ Nordenergi (2023). [Nordic Tax Report 2023 – electricity sector](#)

flytur út umtalsvert magn af raforku. Til dæmis er meðal raforkuverð til almennings í Noregi á öðrum ársfjórðungi 2023 um 16,3 ISK/kWst⁹ en sambærilegt verð á Íslandi um 7,5 ISK/kWh¹⁰ eða um 54% lægri. Rétt er að taka fram að raforkuverð í Noregi hefur lækkað umtalsvert undanfarna mánuði en meðalverð í fyrra var um 22 ISK/kWst⁸.

8. Mikilvægi skattaumgjarðar sem styður við samkeppni á orkumarkaði

Raforkulög voru sett árið 2003 og þar með skapaður grundvöllur fyrir samkeppni á raforkumarkaði. Megin markmið laganna var að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og samkeppni í raforkuvinnslu og -sölu nefnd sem eitt helsta skrefið í þá átt. Virk samkeppni er nú á raforkumarkaði en frá setningu laganna hefur nýliðun í raforkuframleiðslu verið takmörkuð. Með tilkomu nýrra orkukosta eins og vindorku hefur myndast áhugi nýrra aðila til fjárfestinga. Það hefur gerst þrátt fyrir ítrekaðar tafir og óvissu með opinber leyfisveitingarferli og hátt í áratugalanga meðferð Alþingis á 3. áfanga rammaáætlunar. Samorka telur að auknar álögur á orkuvinnslu muni hafa neikvæð áhrif á samkeppnishæfni orkugeirans og þar með alls atvinnulífs á Íslandi. Skoða þarf allar tillögur að breytingu skattaumgjarðar með það að leiðarljósi að hindra ekki nýliðun og að fyrirtækjum á markaði verði ekki mismunað. Því til viðbótar vill Samorka benda á eftirfarandi staðreyndir þegar kemur að stöðu raforkumarkaðarins:

- Sé gert ráð fyrir að hagkvæmisjónarmið hafi ráðið för við þróun, byggingu og vali á núverandi virkjunarkosta má færa rök fyrir því að kostnaður þeirra kosta sem enn hafa ekki verið nýttir sé hærri en kostnaður þeirra virkjana sem nú eru í rekstri. Það er því ekki hægt að líta til virkjana sem nú eru í rekstri til að áætla getu framtíðarverkefna til að bera auknar álögur.
- Hafa þarf í huga að stór hluti þeirrar raforku sem framleidd er í dag er bundin í langtímasamningum á þegar umsömdum verðum í samningum sem gerðir voru í tíð eldri skattaumgjarðar.
- Augljóst er að gæta þarf sérstaklega áhrifum skattlagningar m.a. út frá umfangi orkuvinnslu svo skattlagning grafi ekki undan möguleikum til uppbyggingar smávirkjana
- Víða hefur skattaleg umgjörð raforkuvinnslu þróast á þann hátt að veittir eru skattaafslættir eða annars konar hvatar til framleiðenda til að hvetja til aukinnar framleiðslu á grænni orku.
- Aðgerðir og yfirlýsingar orkusveitarfélaga varðandi leyfisveitingar og ítrekaðar tafir í umsýslu opinberra stofnanna eru til þess fallnar að draga úr áhuga fjárfesta á raforkuframleiðslu og aukin skattheimta kann að leiða til þess að erfitt reynist að fá fjármagn til uppbyggingar virkjana.

9. Umhverfismál og markmið í loftslagsmálum

Aukin skattheimta gengur þvert á markmið stjórnvalda í loftslagsmálum. Fyrirséð er að auka þarf verulega raforkuframleiðslu á næstu árum og áratugum og aukin skattheimta mun að öllum líkindum hafa neikvæð áhrif á áhuga fjárfesta á íslenska orkugeiranum.

Umgjörð skatta þarf að vera skýr og hvetja til skilvirkar auðlindanýtingar.

⁹ [Electricity prices \(ssb.no\)](https://www.ssb.no)

¹⁰ Miðað er við miðgildi raforkuverðs, sótt frá [Aurbjörg](#) og dreifikostnað með vsk. hjá [Veitum í ágúst 2023](#).

10. Lokaorð

Starfshópnum hefur verið gefinn skammur tími til að skila tillögum að breytingu á skattalegu umhverfi orkuvinnslu. Verkefnið er umfangsmikið og greina þarf vel allar breytingartillögur svo heildaráhrif verði leidd í ljós. Þar sem málefnið varðar grunnstoð samfélagsins er mikilvægt að vandað sé til verka og ekki líklegt að hægt verði að greina endanlegar tillögur starfshópsins til hlítar á þeim tíma sem veittur hefur verið til verksins. Mikilvægt er að til grundvallar vinnu starfshópsins séu áreiðanleg gögn og tölur, þ.m.t. um arðsemi orkuvinnslu hér á landi, áður en settar eru fram tillögur um auknar álögur á þá starfsemi.

Ýmis lönd hafa gengið langt í að reyna að hvetja markaði til fjárfestinga í grænni orkuframleiðslu. Ríki Evrópusambandsins hafa þannig tekið höndum saman með Græna sáttmálanum (e. *Green Deal*) til að freista þess að halda tæknilegu forskoti sínu gagnvart skýrt skilgreindum 369 milljarða dollara hvötum sem Bandaríkin hafa ákveðið að setja í græna orku.¹¹ Þrátt fyrir að arðsemi orkugeirans á Íslandi sé umtalsvert lægri en t.d. í Noregi, hafa íslensk stjórnvöld ekki þurft að grípa til fjárhagslegra hvata til að laða að fjárfesta.

Mikil óvissa hefur ríkt um regluverk orkuvinnslu og leyfisveitingar undanfarin ár sem hefur skapað umhverfi sem hvetur ekki til nýliðunar og nýfjárfestinga. Auknar álögur á raforkuvinnslu gæti dregið úr nýjum fjárfestingum og það á sama tíma og ljóst er að þörf er á mikilli uppbyggingu í raforkuframleiðslu.

Samorka leggur áherslu á að tekið verði tillit til þeirra sjónarmiða sem hér eru sett fram og að ítarlegra gagna verði aflað við vinnu starfshópsins. Samorka óskar jafnframt eftir tækifæri til að koma áfram að vinnu starfshópsins, á fundum eða með skriflegum hætti, og áskilur sér rétt til að koma á framfæri ítarlegri og nýjum sjónarmiðum á síðari stigum.

Að lokum vill Samorka þakka fyrir tækifærið til að koma sjónarmiðum samtakanna á framfæri við starfshóp stjórnvalda og er að sjálfsögðu til áframhaldandi samstarfs og samtals við starfshópinn og stjórnvöld um þetta mikilvæga málefni.



Finnur Beck, framkvæmdastjóri



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur

¹¹ [A New Golden Age for Renewable Energy \(kpmg.com\)](https://www.kpmg.com), bls. 8. Í skýrslu KPMG er að finna yfirlit yfir skattalega hvata í ýmsum löndum.